

Greinargerð með ársreikningi 2020

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2020 voru um 1.688 mkr, eða um 67 milljónum hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur af landsleikjum svo til hurfu vegna áhorfendabanns, en á móti kom hækkun á styrkjum og framlögum FIFA og viðbótarframlag vegna reksturs Laugardalsvallar.

Rekstrarkostnaður var 239 mkr lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir, eða um 1.337 mkr samanborið við 1.576 í áætlun. Kostnaður landsliða, mótamála, fræðslu, húsnæðis og annarra liða var undir áætlun vegna samdráttar í verkefnum. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var eini liðurinn sem fór umfram áætlun, eða tæp 8%, sem skýrist annars vegar af tölvukostnaði við FIFA ID*, og hins vegar af kostnaði við sérfræðiráðgjöf í tengslum við greiningu á Covid-19 tapi aðildarfélaga KSÍ.

Hagnaður ársins fyrir ráðstöfun til aðildarfélaga var um 380 mkr. Alls var um 342 mkr úthlutað til aðildarfélaga en áætlun gerði ráð fyrir 128,5 mkr. KSÍ greiddi 70,5 mkr til aðildarfélaga (annarra en þeirra sem léku í Pepsi Max deild karla) vegna barna- og unglíngastarfs (þar af 10 mkr aukaúthlutun vegna Covid-19), en félögin í Pepsi Max deild karla fengu sambærilegan styrk frá UEFA að upphæð 90,5 mkr. Auk þessa greiddi KSÍ félögum í leyfiskerfinu 30,6 mkr. og ferðabátttökugjald, verðlaunafé, upptöku- og tæknibúnað og styrk vegna futsal að fjárhæð 36,7 mkr. á árinu.

Framlag KSÍ til aðildarfélaga vegna tekjutaps tengdu Covid-19 nam 160,6 mkr, auk þess sem KSÍ tók yfir þátttökugjöld félaga upp á 10,8 mkr sem og hlut félaganna í ferðabátttökugjaldi um 8 mkr. Jafnframt samþykkti stjórn KSÍ að endurgreiða 24,6 mkr vegna sjónvarpsréttarsamnings (vegna leikja í deild og bikar sem ekki fóru fram keppnistímabilið 2020).

Rekstrarniðurstaða samstæðu Knattspyrnusambands Íslands á árinu er því hagnaður, tæpar 38 milljónir króna.

** FIFA ID, sem öll knattspyrnusambönd eru skyldug til að innleiða að kröfu FIFA. FIFA ID er auðkenni sem allir leikmenn, þjálfarar og dómamarar aðildarlanda FIFA þurfa að fá og fylgir þeim sama hvar þeir starfa. FIFA ID gerir það að verkum að til verður sameiginlegur gagnagrunnur allra félaga, leikmanna, þjálfara, dómara o.fl. á heimsvísu. Mun það einfalda til muna greiðslu uppeldis- og samstöðubóta sem starfsfólk FIFA mun sjálft koma til með rukka og greiða til viðeigandi félaga með notkun á svokölluðu „Clearing House“. Kerfið mun koma í veg fyrir hvers konar tvískráningar leikmanna eða félaga og gera FIFA kleift að rekja stöðu og félagaskiptasögu allra skráðra leikmanna í heiminum.*